

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/769
komudagur 31.1.2005

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruverð, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).

Undirritaðir telja frumvarpið brjóta í bága við 72. grein Stjórnarskrárinnar um eignarrétt og 75. grein um bann við afturvirkni laga.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta kemur fram á bls. 2

“ Í nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarlaga kemur fram að ákvæði laga um framkvæmdarleyfi séu íþyngjandi fyrir landeigendur og rétthafa efnistökusvæða og feli í sér skerðingu á hagnýtingarrétti þeirra. Því verði ekki talið að slík ákvæði geti tekið til framkvæmda sem hafnar voru fyrir gildistöku laganna, enda sé hvergi í skipulags- og byggingarlögum kveðið á um slíka afturvirkni. Er niðurstaða úrskurðarnefndar í samræmi við þau sjónarmið sem almennt hafa verið uppi um að hinar nýju reglur um efnistöku nái ekki til eldri náma sem enn eru í notkun.”

Ekki verður betur séð en þessi úrskurður sé ósamræmanlegur því lagafrumvarpi sem hér um ræðir og óskiljanlegt að starfshópurinn skuli komast að annari niðurstöðu neðst á bls. 3 í athugasemdum.

“Telja verður ótvírætt að setning reglna sem ná til allra starfandi náma á landinu séu almennar takmarkanir sem heimilt er að setja eignarréttindum án þess að bótaskylda skapist á grundvelli eignarréttarákvæða stjórnarskrár, en meirihluti náma í landinu mun vera í einkaeign. “

Á bls. 4 segir að samkeppnissjónarmið mæli með lagasetningu þessari. Má í þeim efnum benda á að margskonar starfsemi byggir á gömlum réttindum sem menn öðluðust í ólíku umhverfi laga og reglna en eru þó í fullu gildi. Óskum við eftir að Umhverfisnefnd Alþingis leiti álits lögfræðinga um þessi atriði áður en lög þessi verða afgreidd.

Við gerum einnig athugasemd við skipan starfshóps sem vann að gerð þessa frumvarps. Þar er enginn fulltrúi hagsmunaaðila og okkur er ekki kunnugt um að haft hafi verið samband við þá á vinnslutíma frumvarpsins. Í athugasemdunum kemur fram að markmið laganna eigi að vera það að koma böndum á eldri námur og sýnist skipan starfshópsins miðast við það.

Við teljum það ekki ásættanleg vinnubrögð að við gerð laga frá Alþingi sé skipan starfshóps með þessum hætti og niðurstaðan ákveðin fyrirfram heldur teljum við að gera verði þá kröfu að málin séu skoðuð frá fleiri hliðum og frekara mat lagt á hvort þau brjóti í bága við önnur lög og ákvæði stjórnarskrár.

Einnig viljum við benda á að í lagafrumvarpi þessu eru viðmiðunarmörk hvað varðar flatarmál efnistökusvæða og rúmmál efnis sem taka á, afar þröng. Líklegt er að meirihluti náma sem nú eru í vinnslu fara yfir þessi mörk.

Ef til þess kemur að allar starfandi námur verði settar í umhverfismat er ljóst að um verulegan kostnað er að ræða fyrir rekstraraðila. Væntanlega mun þessi kostnaður fara út í verðlagið. Áætlað er að kostnaður við umhverfismat sé 5-8 milljónir á hverja námu ef ekkert óvenjulegt kemur til og því ljóst að ef 100 námur fara strax í mat og fleiri síðar að kostnaður hleypur á hundruðum milljóna.

Hér er um um flókið og yfirgripsmikið mál að ræða sem þarf að skoða vel. Lausnir höfum við ekki á takteinum en við teljum vert að skoða hvort skipulagsáætlanir geti með einhverjum hætti komið í stað umhverfismats.

Undirritaðir eru tilbúnir til áframhaldandi viðræðna um málefnið ef nefndin óskar.

Ölfusi, 30. janúar 2005

Virðingarfyllst,

Stefnir Gunnarsson Hanni, "Ólga"
Helgi Þorgeirsson Kvarni, "Ölfusi"